

Fundur 24.3.2025 Þórarinn Víkingur Sveinsson.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur bræður dóttir, bið ég ykkur að spyrja ekki ef, fyrr en, það gæti verið erfitt fyrir miðillinn, fyrr en ég hef sagt nokkur orð.

En ég fagna að koma í sambandið og mikið hressari nú en fyrir viku og finn mig hér tilbúinn að tala til ykkar, og veit að það er mikilsvert að tjá sig eftir þessi umskipti.

Og mikil er undrunin og sársauka laus umskipti, nema það er mjög erfitt að trúa öllu því sem gerist þegar slíkt hendir og mamma og pabbi í ungum líkömum og annað fólk sem tilheyrir ættum okkar.

Og fyrst þarf maður að sofa mikið og jafna sig, og ég kom fram eins og aðrir úti við og jafnaði mig í sjúkrahúsi.

En hefði hugsanlega getað talað til ykkar fyrir viku, en hugurinn er ringlaður og margt nýtt sem þarf að meðtaka og skilja og upplifa.

Faðir okkar er rólegri yfir þessu, en móðir okkar fannst ég hafa farið of snemma og er ég sammála því, mér fannst ég eiga mörgu ólokið, en hér er eins og miklum þunga sé aflétt, þeirra óþæginda sem fylgdu þessum veikindum og því er það mikill léttir að vera hingað kominn og þetta skyldi vera rétt eins og vonaði, eins og við höfum vissulega rætt um.

Og ég vil bæði senda ykkur mína kveðju og foreldra minna og annara.

En finn ég að miðillinn treystir sér ekki í persónulegar kveðjur, en vil ég samt biðja um spurningar og geta tjáð mig beint við ykkur.

Og hef dvalið hér hjá, þau eru bæði komin til, þau hafa bæði dvalið mikið hjá foreldrum sínum, Jóni og Þorsteini og öðrum.

En eru þau foreldrar okkar engu að síður búnir að koma sér fyrir og er ég svo nýkominn hingað að býst ég við að ég verði hjá þeim um hríð, áður en lengra er haldið.

Pabbi, faðir minn, hann ætlaði að tala við ykkur um drauma upplifanir sínar, og segir hann að þetta hafi þungt á sig einnig, mín veikindi, og muni hann nú eflast í því að ljúka við erindi það sem hann var byrjaður á að flytja ykkur á fundi hér, þegar hann var nýfarinn yfir.

Já það er mikill munur á líðaninni og þetta er mikil gleði að þetta skuli allt vera rétt og fram komið sem dr. Helgi Pjeturss hélt fram.

Vil ég gjarnan svara örfáum spurningum frá ykkur, til að reyna að liðka fyrir sambandinu ef miðillinn ræður við það.

Og þakka ég ykkur fyrir að koma.

*Mig langar til að spyrja þig að einu, ert þú ekki með alla puttana í lagi núna ?*

Já já akkúrat, og sjónin orðin betri, já það eru öll þessi smáatriði sem skipta máli og koma á óvart.

*Og ert þú alveg hnykklaður eins og þú varst á besta aldri ?*

Já, ég á nú kannski eftir að æfa mig ögn meira kannski, en ég held að ég sé einmitt með það sem ég mundi eftir á þeim tíma.

*Já það er gott að vita af því.*

Þennan áhuga og kraft sem ég var með á þeim tíma.

*Gaman að heyra.*

En þetta var nú orðið langt og erfitt,

*En þú ert búinn að taka gleði þína aftur ?*

Já, já já, þetta er alveg ótrúlegt að upplifa þetta og,

*Það hefur staðið heima sem ég sagði þér, tvær sólar er það ekki ?*

Jú jú, það er rétt, og önnur bláleit og hin gulleitari.

*Hún er stærri, þegar hún sest þá er sú bláa að koma upp, ekki rétt ?*

Já já já.

*Ég hafði séð þarna eitthvað sem kemur fram í myndunum mínum.*

Já nú held ég að faðir okkar vilji segja þér frá draumunum við tækifæri.

*Já ég hlakka til, hann var draumspakur eins og ég.*

Já en, þeir segja að það séu mörg tækifæri sem bíða ykkar og þeir hérna gömlu mennirnir eru svo bjartsýnir að þeir vilja að, þeir hafa mikla trú á ykkur að taka við og halda áfram með félagið.

Varð að segja ykkur það.

*Já já það verður haldið áfram með félagið, að minnsta kosti verð ég hérna meðan ég lifi sko.*

Já ég vildi segja ykkur það, það eru Þorseinn afi okkar og fleiri frændur og, já það er,

*Það þarf að yngja hér aðeins upp, það vantar, já það er það sem vantar, að yngja upp.*

*Fá meira að ungu fólki til að taka við*

Ég vona að ég hafi látið ykkur finna fyrir mér og það hafi verið gott að fá mig í sambandið

*Já mjög gott, það er gott að vita af því bróðir sæll að þú ert ekki lengur í andnauð og getir dregið djúpt andann.*

Já já, það er sannarlega rétt og held að ég hafi aldrei fundið annað eins andrúmsloft eins og er hér, það er öðru vísi, það er einhvern veginn ilmurinn og já eitthvað við það.

*Hvernig var það með líkama þinn þegar þú fyrst byrjaðir að átta þig á að, eða þegar þú varst kominn til meðvitundar þarna, var þá líkaminn enn þá svona mjúkur og eins og hann væri að þéttast smá saman, hvernig tilfinning var það ?*

*Eða fannst þér hann vera bara alveg eins og þéttur og heill líkami.*

Ég var nú einn af þeim sem mundi ekki mikið eftir þessu alveg í upphafi, en ég var, það voru margir hér saman komnir í vatni og þar var ég efniskenndur.

En ég minnst þess að það voru hlutir sem ég skynjaði sem ég á eftir að rifja betur upp og þá var ég ekki viss um, já það var svona eins og draumur, þá var ég ekki viss um líkamann, en já það varði ekki lengi.

Og já ég upplifði þessi ljós og göng.

*Já sem margir hafa talað um.*

Og það var strax öðru vísi tilfinning hér þar sem ég kom fram í vatninu að mér fannst ég léttari á mér, það er svolítið þannig.

En ég þakka ykkur fyrir og það eru ömmur ykkar og afar hérna, ég ætla að vona að þið finnið fyrir okkur, þótt ég fari úr sambandinu.

Og mér þykir vænt um að komast í sambandið, því það er eins og mér líði enn betur að vita af því að þið reynið að sætta ykkur við hvernig þetta fór.

Að þetta var fyrr en ég hafði ætlað, en það er betra að tjá sig og mér þykir það dýrmætt, en ég verð að láta þetta nægja að sinni, en þið vitið að ég elska ykkur og þykir dýrmætt að hafa talað við ykkur í kvöld og reyni að koma síðar og eins faðir okkar og móðir þau reyna að koma við tækifæri líka.

Heyri það á honum föður mínum, hann er, þetta var einnig erfitt fyrir hann og það er margt sem hann vill segja og ég þakka kærlega fyrir mig og ég ætla að reyna að koma síðar.

*Já endilega, vertu sæll bróðir, vertu sæll frændi, sæll bróðir og bið fyrir kveðju til foreldra okkar.*

Og ég kann vel að meta að þið sýnið þessu málefni tryggð og ég reyni að koma síðar, þakka ég fyrir og verið þið öll sæl og blessuð og þú sérstaklega Arnrún.

Verið þið sæl.

*Vertu blessaður. Vertu sæll.*